

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/12/EBE

frá 23. mars 1993

um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í því skyni að auka loftgæði að því er varðar brennisteinsdíoxíð og önnur útblástursefni verður bandalagið að gera ráðstafanir til að minnka smám saman brennisteinsmagn í gasolíu sem notuð er í sjálfknúin ökutæki, þar með talin loftför og skip, svo og til hitunar, nota í iðnaði og á sjó.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 75/716/EBE ⁽⁴⁾ er í ákvæðum bandalagsins mælt fyrir um mörk brennisteinsmagns í fljótandi eldsneyti. Ákvæði þessi eru mismunandi í hinum ýmsu aðildarríkjum.

Þetta ósamræmi neyðir olúfyrirtæki innan bandalagsins til að breyta brennisteinsmagn í framleiðslu sinni með tilliti til þess til hvaða aðildarríkis varan er send. Ósamræmið hindrar þannig viðskipti með þessar vörur og hefur þar með bein áhrif á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar.

Að auki er kveðið á um, í 6. gr. tilskipunar 75/716/EBE, að í ljósi nýrra upplýsinga sem fyrir liggja skuli framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu fyrir ráðið ásamt viðeigandi tillögu með það í huga að sömu mörk verði látin gilda alls staðar.

Í hverri umhverfisverndaráætlun Evrópubandalaganna ⁽⁵⁾ af annarri er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir og draga úr loftmengun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 174, 5. 7. 1991, bls. 18 og Stjtið. EB nr. C 120, 12. 5. 1992, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 94, 13. 4. 1992, bls. 209 og Stjtið. EB nr. C 337, 21. 12. 1992.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 14, 20. 1. 1992, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 307, 27. 11. 1975, bls. 22. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 87/219/EBE (Stjtið. EB nr. L 91, 3. 4. 1987, bls 19).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1, Stjtið. EB nr. C 139, 13. 6. 1977, bls 1 og Stjtið. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1.

Gæði eldsneytis skiptir miklu máli þegar draga á úr mengun frá útblæstri ökutækja.

Enn fremur gerðist bandalagið, í krafti ákvörðunar 81/462/EBE ⁽⁶⁾, aðili að samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa þar sem sérstaklega er kveðið á um áætlanagerð og stefnumörkun sem miðar að því að takmarka og, að því marki sem unnt er, draga smám saman úr og koma í veg fyrir loftmengun.

Að draga úr brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti stuðlar að því að koma fram einu af markmiðum bandalagsins um verndun umhverfis og úrbætur á því sviði og að stuðla að betri heilsu manna með því að koma í veg fyrir umhverfisskaða við upptök hans.

Í samræmi við tilskipun 75/716/EBE hafa nokkur aðildarríki þegar sett mörkin 0,2% miðað við þyngd.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að díseldsneyti þar sem brennisteinsmagn er að hámarki 0,05% miðað við þyngd verði smám saman fánlegt.

Í því skyni að ná fram þeim tilteknu mörkum um útblástur sem sett eru í sértilskipunum ráðsins má brennisteinsmagn í díseldsneyti sem sett er á markað í bandalaginu ekki fara yfir 0,2% miðað við þyngd frá 1. október 1994 og 0,05% miðað við þyngd frá 1. október 1996. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ná því markmiði.

Aukin notkun gasolíu fyrir vélknúin ökutæki kallar á frekari aðgerðir til að auka gæði díseldsneytis til þess að takmarka neikvæð áhrif slíkrar notkunar á gæði lofts. Með því að setja ákvæði um að magn brennisteins í díseldsneyti fari ekki yfir 0,05% miðað við þyngd frá 1. október 1996 er nægilegur tími fyrir þær iðngreinar sem málið varðar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til aðlögunar.

Önnur notkun gasolíu og meðalþykkrar olíu krefst þess að gert sé átak til að draga úr loftmengun með tilliti til þess hver áhrif þessara efna séu með tilliti til aukinna gæða lofts svo og að því er varðar kostnað eða ávinning í umhverfismálum. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fyrir ráðið, sem tekur ákvörðun um það eigi síðar en 31. júlí 1994, tillögu um

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 171, 27. 6. 1981, bls. 11.

að kynnt verði eigi síðar en 1. október 1999 lægri mörk brennisteinsmagns og að sett verði ný viðmiðunarmörk fyrir steinolíu fyrir flugvélar.

Með tilliti til takmarkaðrar afkastagetu stöðva sem hreinsa brennistein úr eldsneyti, gæti skyndileg breyting á framleiðslu, sem ylli meðaltalsaukningu á brennisteinsmagni í hráolíu, dregið hættulega úr neytendabirgðum í aðildarríki. Því virðist ráðlegt að heimila viðkomandi aðildarríki að víkja frá því brennisteinsmagni sem leyft er á heimamarkaði við ákvæðnar aðstæður.

Grikkland stendur frammi fyrir tilteknum tæknilegum og efnahagslegum vanda með tilkomu gasolíu með litlu brennisteinsmagni til nota í haffærum skipum. Undanþága fyrir Grikkland með takmarkaðan gildistíma ætti ekki að valda samdrætti í viðskiptum með gasolíu þar sem grískar olíuhreinsunarstöðvar gera nú ekki meira en að anna eftirspurn innanlands eftir gasolíu og meðalþykkri olíu. Útflutningur til lokabrennslu frá Grikkland til annars aðildarríkis skal vera samkvæmt þeim ákvæðum tilskipunarinnar sem gilda í því aðildarríki. Veita mætti Grikklandi undanþágu til fimm ára áður en teknar verða til notkunar olíur með tilskildu brennisteinsmagni til nota í skipum. Þessu tímabili lýkur 30. september 1999.

Gera ætti skyndikannanir á brennisteinsmagni í gasolíu og meðalþykkri olíu sem sett er á markað. Í þessu skyni ætti að taka upp samræmda aðferð sem byggir á nýjustu tækni sem völ er á.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „gasolía“: allar jarðolíuafurðir sem falla undir númer 2710 00 69 í sameinaða flokkunarkerfinu eða allar jarðolíuafurðir sem vegna eimingarmarka sinna flokkast undir meðalléttar olíur sem ætlaðar eru til notkunar sem eldsneyti og að minnsta kosti 85% af rúmmáli þeirra eimast við 350°C, að meðtöldu tapi í eimingu;
- b) „dísileldsneyti“: gasolía sem notuð er í sjálfknúin ökutæki sem um getur í tilskipun 70/220/EBE ⁽¹⁾ og tilskipun 88/77/EBE ⁽²⁾,

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/441/EBE (Stjtuð. EB nr. L 242, 30. 8. 1991, bls 1).

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. L 36, 9. 2. 1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/542/EBE (Stjtuð. EB nr. L 295, 25. 10. 1991, bls 1).

2. Þessi tilskipun gildir ekki um gasolíu:

- sem er á eldsneytisgeymum skipa, loftfara eða vélknúinna ökutækja í förum yfir landamæri milli þriðja lands og aðildarríkis.
- sem vinna á fyrir lokabrennslu.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í því skyni að ná fram þeim tilteknu mörkum um útblástur sem sett eru í sértilskipunum ráðsins banna markaðssetningu dísileldsneytis í bandalaginu ef magn brennisteinssambanda, gefið upp sem brennisteinn (hér eftir „brennisteinsmagn“) fer yfir:

- 0,2% miðað við þyngd frá 1. október 1994,
- 0,05% miðað við þyngd frá 1. október 1996.

Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að dísileldsneyti sem um getur í fyrstu málsgrein með brennisteinsmagni sem fer ekki yfir 0,05% miðað við þyngd verði smám saman fánlegt.

2. Aðildarríkjum er heimilt, frá 1. október 1994, að banna að markaðssetja í bandalaginu aðra gasolíu en þá eða sem notuð er í öðrum tilgangi en þeim sem um getur í 1. mgr., að undanskilinni steinolíu fyrir flugvélar, ef brennisteinsmagnið fer yfir 0,2% miðað við þyngd.

Fyrir 1. janúar 1994 skal framkvæmdastjórnin gefa upp í skýrslu til ráðsins hvaða framfarir hafa orðið í eftirliti með útblæstri brennisteinsdíoxíðs. Á sama tíma skal hún leggja tillögu fyrir ráðið, almenns eðlis um þá stefnu að auka loftgæði, um að færa sig yfir á næsta stig, þar sem mælt er fyrir um lægri mörk eigi síðar en 1. október 1999 og ný viðmiðunarmörk eru sett fyrir steinolíu fyrir flugvélar.

Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta eigi síðar en 31. júlí 1994.

3. Reynist aðildarríki erfitt að halda þeim mörkum sem gilda um hámark brennisteinsmagns í gasolíu vegna skyndilegra breytinga á hráolíubirgðum eða birgðum af jarðolíuafurðum skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin getur heimilað að hærri mörk gildi innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins á tímabili sem ekki er lengra en sex mánuðir og skal tilkynna ákvörðun sína til ráðsins. Aðildarríkin geta andmælt þessari ákvörðun fyrir ráðinu innan eins mánaðar. Ráðið getur samþykkt aðra ákvörðun innan tveggja mánaða með auknum meirihluta.

Þrátt fyrir þetta getur gríska ríkisstjórnin, fram að 30. september 1999, heimilað markaðssetningu gasolíu til nota í skipum sem er með meira brennisteinsmagni en 0,2% miðað við þyngd.

3. gr.

Ekkert aðildarríki getur bannað, takmarkað eða hindrað markaðssetningu gasolíu sakir brennisteinsmagns frá og með þeim gildisdögum sem tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. 2. gr., svo fremi þessi gasolía uppfylli skilyrði tilskipunar þessarar.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fylgst verði með brennisteinsmagni í gasolíu sem sett er á markað með sýnatökum.

2. Tilvísunaraðferðin, sem beita skal til þess að ákvarða brennisteinsmagn í gasolíu sem sett eru á markað, er skilgreind með ISO-aðferðinni 8754. Tölfræðilegar tülkanir á niðurstöðum mælinga, sem gerðar eru til að ákvarða brennisteinsmagn í gasolíum sem settar eru á markað, fara fram samkvæmt ISO-staðli 259 (útgefnum 1979).

5. gr.

Frá 1. október 1994 komi þessi tilskipun í stað tilskipunar 75/716/EBE.

6. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um gerð slíkrar tilvísunar.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

S. AUKEN

forseti.